



Frystitogurum fækkar - tækifærum í landvinnslu fjölga

Útgerðarfyrirtæki sjá sér nú hag í því að draga úr sjófrystingu bolfiskafurða á sama tíma og landvinnsla og útflutningur á ferskum bolfiski færast í aukana. Brottför frystitogaranna er einn angi stærri breytinga í íslenskum sjávarútvegi sem nú eiga sér stað. Breytingarnar skapa óvissu og störfum mun fækka á sjó nú þegar frystitogarar verða seldir úr landi eða breytt í ísfisktogara. Þessar breytingar munu þó mögulega skapa störf í landi við fullvinnslu afurða, ekki aðeins í hefðbundinni fiskvinnslu heldur einnig við fullvinnslu aukaafurða sem nú vex fiskur um hrygg. Með aukinni landvinnslu ferskra afurða skapast því tækifæri til betri aflanýtingar og fjölbreyttari framleiðslu.

Koma fyrsta frystitogarans, Örvars HU-2, árið 1982 markaði þáttaskil í íslenskum sjávarútvegi. Næstu árin og áratugina fjölgaði mjög skipum með leyfi til vinnslu um borð og rétt fyrir aldamót voru þau orðin 90 talsins, þar af 35 flakafrystitogarar, en þeir eru aðeins um 15 nú. Með tilkomu frystitogaranna tæmdust óðum frystihúsin sem reist voru áratugina á undan í sjávarplássum landsins. Frystitogaraflotinn hefur löngum þótt rós í hnappagati íslensks sjávarútvegs en nú hverfa úr flotanum minnst átta frystitogarar sem ýmist verða seldir úr landi eða breytt í ísfisktogara. Samanlagður landaður afli þessara átta skipa árið 2013 var um 50 þúsund tonn og því er um verulegar breytingar að ræða á skömmum tíma.

Brotthvarf svo margra frystitogara gefur vísbendingu um breyttar áherslur sjávarútvegsfyrirtækjanna í vinnslu bolfisks, en á rétta skal að öflugur frystitogarafloti á uppsjávarveiðum, t.d síldar-, makríl- og kolmunaveiðum, stendur nokkuð traustum fótum og mun líklega eflast fremur en hitt næstu árin. En hvað er það í umhverfi útgerðarinnar sem knýr þessar breytingar á togaraflotanum áfram nú og hvaða afleiðingar munu þær hafa fyrir íslenskan sjávarútveg og þá sem starfa innan hans?

Segja má að sjávarútvegsfyrirtækin bregðist nú við nokkrum mismunandi þáttum sem allir knýja á um að hluta frystitogaraflotans sé lagt eða breytt í ísfisktogara. Þessir þættir snúa allir að rekstrarhagkvæmni og má í raun greina í þrjá flokka: tekjumöguleika, rekstrarkostnað og ytri skilyrði.

1. Meiri tekjumöguleikar í vinnslu ferskra afurða

Útflutningur á ferskum fiski frá Íslandi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Á árunum 2008-2012 jókst þorskvótinn úr 150 þúsund tonnum í rúm 200 þúsund

tonn. Til vitnis um sókn landvinnslunnar jókst útflutningur á ferskum þorskafurðum í flug úr 16 þúsund tonnum í tæp 34 þúsund tonn á þessu fjögurra ára tímabili. Á sama tíma varð lítil sem engin magnbreyting í sjófrystingu þorsks en landfrysting jókst afur á móti mikið og tók á móti auknum aflaheimildum með ferskfiskvinnslunni. Þorskstofninn er enn í sókn, kvótinn er 215 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári og gæti jafnvel orðið 250 þúsund tonn árið 2016 gangi bjartsýnar spár eftir. Almennt fæst um tvöfalt hærra verð fyrir ferskar þorskafurðir en frystar og þó kostnaður við flutninga og áhætta sé meiri en með frystar afurðir sjá íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sér mikinn hag í því að auka framleiðslu sína á ferskum afurðum.

Íslensk fyrirtæki þykja almennt góðir birgjar ferskra afurða, þau fara vel með hráefnið og hægt er að koma tilbúnum flökum og bitum á markað aðeins 40 tímum eftir að þorskurinn er dreginn úr sjó. Norðmenn og Rússar veita íslenskum útflytjendum þorskafurða takmarkaða samkeppni á þessum markaði. Stóraukinn þorskvóti í Barentshafinu undanfarin ár er að stærstum hluta frystur um borð enda hafa nokkrir frystitogarar sem nú hverfa úr íslenska flotanum þegar verið seldir til Rússlands. Þessar auknu þorskveiðar í Barentshafi skýra meðal annars verðlækkunir frystra afurða undanfarið. Samkeppnisforskot íslenskra fyrirtækja á norska útflytjendum ferskra afurða felst ekki síst í veiðimynstrinu hér á landi en Íslendingar geta afhent þorskafurðir með nokkurri vissu árið um kring enda dreifast veiðarnar nokkuð jafnt yfir alla mánuði ársins. Öðru máli gegnir um þorskveiðar Norðmanna sem fara nær allar fram fyrir hluta árs en seglin svo dregin saman að vori. Þetta hafa íslensk fyrirtæki fært sér í nyt á sama tíma og verð ferskra þorskafurða eru talsvert hagstæðari en verð fyrir frosnar afurðir. Þá eru flutningaleiðir á markaði í Evrópu með ferskar þorskafurðir verulega ábótavant í

Noregi en hafa aftur á móti styrkst nokkuð hér á landi undanfarnin ár. Flutningsnet Icelandair, bæði farþegavéla og fraktvéla Icelandair Cargo skipta hér höfuðmáli og gera þennan útflutning mögulegan, en 90% alls frakflutnings Icelandair er ferskur fiskur. Ýmislegt bendir til þess að þessi þróun muni halda áfram og viðbúið er að vinnsla á þorski muni færast á land í enn ríkara mæli á sama tíma og kvótinn eykst, að vinnslustöðum muni fækka en vaxa í afköstum og vöxtur í útflutningi ferskra þorskafurða verði áfram mikill.

2. Hækkandi rekstrarkostnaður á sjó

Launahlutfall á frystitogurum er hátt og sú hagræðing sem felst í því að skipta úr frystitogaraútgerð yfir í ísfisk er ekki síst tilkomin vegna þess að færri sjómenn þarf til að fullmanna ísfiskara. Ljóst er að launahlutfall frystitogaranna af brúttóverðmæti afla er hátt hér á landi sem gerir samkeppnisstöðu sjóvinnslunnar erfiða á sama tíma og margvísleg samkeppnisforskot eru hér á landi í landvinnslu. Aflahlutakerfi sjómanna tryggir þeim í reynd gengistryggð laun sem veldur því að nú um stundir eru sjómenn með tekjuhæstu hópum á Íslandi. Ekki þarf að efast um að hár launakostnaður flýtir fyrir þeirri samþjöppun aflaheimilda á færri frystitogara og fjölgun ísfisktogara sem nú á sér stað. Þessar breytingar munu valda atvinnumissi fyrir nokkurn fjölda sjómanna. Þeir sjómenn sem halda stöðum sínum munu hins vegar halda góðum launum. Störfum í landi mun aftur fjölga, ekki síst ef hlutur ferskfiskvinnslu þorsks vex áfram á sama tíma og aflaheimildir aukast. Með aukinni landvinnslu gefst einnig tækifæri til frekari fullnýtingar aflans með tilheyrandi verðmætasköpun og atvinnutækifærum.

Í vinnslu sjávarafurða á frystitogurum er fyrst og fremst notast við innflutta orku, þ.e. olíu. Auk þess sem olíuverð hefur farið almennt hækkandi undanfarna áratugi, hefur innflutt olía hér á landi hækkad í verði í kjölfar veikingar krónunnar frá efnahagshruni. Þannig hefur munurinn á orkukostnaði á landi og á sjó líklega aldrei verið meiri, enda notast landvinnslan við rafmagn sem framleitt er innanlands.

3. Minnkandi aflaheimildir og veiðigjöld

Auk þorsks hefur frystitogaraflotinn fyrst og fremst veitt ýsu, ufsa, karfa, úthafskarfa, gulllax og grálúðu á undanförunum árum. Í þessum tegundum hafa afli og aflaheimildir heldur dregist saman frá aldamótum. Verst er ástandið í úthafskarfanum en landaður afli árið 2013 var aðeins 19% af lönduðum afla árið 2000. Þá hefur veiði á ýsu dregist saman um meira en 50% frá árinu 2007. Sé horft á meðaltal afla allra fyrrnefndra tegunda frá aldamótum kemur í ljós að veiði árið 2013 var minni en meðaltalsveiðin frá aldamótum í nær öllum tilvikum. Minnkandi aflaheimildir hafa því kallað á hagræðingu og samþjöppun aflaheimilda á færri skip, ekki síst eftir að sérstaka veiðigjaldið var lagt á fyrir fáum árum.

Frystitogarar sem fara eða hefur verið breytt

Félag	Skip	Afdrif
Ögurvík	Freri	Settur á sölu 2013
Þorbjörn	Hrafn	Sala fyrirhuguð
HB Grandi	Venus	Seldur til Grænlands
HB Grandi	Helga María	Breytt í ísfiskskip
FISK	Örvar	Seldur til Rússlands
FISK	Málmey	Breytt í ísfiskskip
Stálskip	Þór	Seldur til Rússlands
Brim	Skálaberg	Seldur til Grænlands

Álagning veiðigjalds hefur hingað til verið skipt niður á ólíkar tegundir með svokölluðum þorskígildisstuðlum, þó horfið verði frá þeirri aðferðafræði við útreikninga gjaldsins á næsta fiskveiðiári. Þær fisktegundir sem eru frýstar úti á sjó hafa haft mjög háan þorskígildisstuðul. Veiðigjaldið lagðist því af mjög miklum þunga á aflaverðmæti frystitogara í bolfiskvinnslu sem hafði talsverð áhrif á rekstrargrundvöll þeirra enda viðurkennt að við útreikninga þorskígildisstuðlanna væri ekki tekið mið af mismunandi tilkostnaði veiða einstakra tegunda. Sá mikli kostnaður sem fylgir frystitogaraveiðum hafi því ekki komið til lækkunar veiðigjaldsins líkt og eðlilegt hefði verið. Óvissan um það hvernig veiðigjaldið verði lagt á í framtíðinni hefur svo gert áætlanir um framtíð frystitogaranna torveldar. Veiðigjaldið eins og það var lagt á síðastliðin ár og óvissan um framtíðarskipan þess átti því líklega sinn þátt í að knýja fram þá hagræðingu og samþjöppun sem nú á sér stað innan greinarinnar og birtist meðal annars í fækkun frystitogara. Heilt yfir litið kann sú samþjöppun að verða til góðs. Engu að síður er ljóst að stjórnvöld þurfa að ná sáttum um framtíðarskipan veiðigjaldsins og hætta þeim leik að leggja gjaldið á til eins árs í senn með bráðabirgðaákvæðum og breyttum reikningsaðferðum frá ári til árs. Stöðugleiki og fyrirsjáanleiki í gjaldtöku er gríðarlega mikilvægur svo hægt sé að byggja upp til framtíðar og gera áætlanir til lengri tíma.

Brotthvarf frystitogaranna er hluti af stærri breytingum

Allt frá vélvæðingu hafa örar breytingar gengið eins og rauður þráður í gegnum sögu íslensks sjávarútvegs. Frystitogaravæðingin á sínum tíma var dæmi um slíkar breytingar og telja má víst að geta greinarinnar til að þróast og breytast hratt sé ein af helstu styrkleikum hennar. Nú er það landvinnslan sem sækir á og full ástæða er til að spá frekari sókn hennar á næstu árum með aukinni fullnýtingu aukaafurða og enn meiri vexti í útflutningi á ferskum fiski.

Stóru sjávarútvegsfyrirtækin í bolfiskvinnslu eru að velja nýjan kúrs til þess að notfæra sér betur þau tækifæri sem samkeppnisstaða þeirra býður upp á. Þar liggur grundvöllur breytinganna nú, sem meðal annars birtast í aukinni ferskfiskvinnslu, fækkun stöðugilda á sjó, fjölgun starfa í landvinnslu, bættri nýtingu aukaafurða, frekari samþjöppun aflaheimilda, fækkun skipa og vinnslustaða bolfisks.

Í þessum breytingum öllum birtast einnig gjörbreyttar framtíðaráherslur stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna í hráefnavinnslu og hráefnanýtingu bolfisks. Þær áherslur munu taka mið af samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs á hinum alþjóðlega markaði. Þungur rekstur frystitogara flýtir fyrir breytingunum en það sem skiptir ef til vill meira máli eru tækifærin í sjónmáli til aukins virðisauka með öflugri landvinnslu. Íslenskur sjávarútvegur hefur forskot á samkeppnisaðila sína í Evrópu á þessum sviðum og sé þetta forskot nýtt mun það skila mjög verðmætum útflutningsafurðum og hugsanlega reynast verðmætara en samkeppnisforskot annarra landa í sjófrystingu. Í kjölfarið verður til fjöldi nýrra starfa í landi, ekki aðeins í hefðbundinni fiskvinnslu heldur við rannsóknir og þróun, markaðssetningu og framleiðslu nýrra afurða. Þessi þróun er raunar hafin fyrir nokkru og verður enn mikilvægari í sjávarútvegi framtíðarinnar.

Líkt og í sögunni munu þessar breytingar á sjávarútveginum hafa í för með sér breytingar á högum einhverra sem starfa við greinina. Eins er líklegt að einstök byggðarlög muni finna fyrir breytingunum. Að sama skapi munu önnur byggðarlög styrkjast. Nauðsynlegt er að bregðast við þessum breytingum í tíma, kortleggja þau svæði og þá hópa sem finna munu fyrir skammtíma neikvæðum áhrifum breytinganna og flýta fyrir nýframkvæmdum og uppbyggingu á þeim svæðum sem á hallar. Fyrirtæki í sjávarklasanum í ýmiskonar haftengdri starfsemi geta leikið lykilhlutverk í þeirri uppbyggingu.

Frekari upplýsingar veitir Bjarki Vigfússon, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum, á bjarki@sjavarklasinn.is og í síma 577 6200.